



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

SÁTT

Vegna birtingar Knattspyrnusambands Íslands á lágmarksverði aðgöngumiða í efstu deild karla í knattspyrnu

Knattspyrnusamband Íslands, kt. 700169-3679, Laugardalsvelli, 104 Reykjavík, og Samkeppniseftirlitið hafa gert með sér eftirfarandi sátt í samræmi við 17. gr. f samkeppnislaga nr. 44/2005 og 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins. Með sáttinni er kveðið á um aðgerðir í tilefni af birtingu á verðli aðgöngumiða á leiki í efstu deild karla í knattspyrnu á Íslandi. Með vísan til 16. gr. samkeppnislaga og í því skyni að stuðla að því að starfsemi á vettvangi Knattspyrnusambands Íslands sé í samræmi við samkeppnislög hefur sambandið skuldbundið sig til þess að grípa til aðgerða samkvæmt 2.- 4. gr. þessarar sáttar.

1.

Háttsemin

Viðurkennt er að birting lágmarksverðs á leiki í efstu deild karla í knattspyrnu á vettvangi Knattspyrnusambands Íslands var ekki í samræmi við 12. gr., sbr. 10. gr., samkeppnislaga.

2.

Umfjöllun um samkeppnisleg málefni á vettvangi Knattspyrnusambandsins

Knattspyrnusamband Íslands skal tryggja að á vettvangi sambandsins sé ekki fjallað um, miðlað, skipst á upplýsingum eða höfð samvinna um verð, verðþróun, viðskiptakjör eða önnur viðkvæm viðskiptaleg eða samkeppnisleg málefni aðildarfélaga sambandsins.

Knattspyrnusambandi Íslands er óheimilt að fara með málefni eða opinbert fyrirvar er varða verðlagningu aðildarfélaga sinna. Knattspyrnusambandi Íslands er óheimilt að grípa til aðgerða sem geta leitt til samræmingar á verðlagningu og öðrum samkeppnisþáttum í starfsemi aðildarfélaga.

Þátttaka í almennri umfjöllun m.a. í fjölmiðlum, t.d. í fræðslu- og upplýsingaskyni, fellur ekki undir þetta bann svo fremi sem hún í raun felur ekki í sér opinbert fyrirvar í skilningi 1. mgr.

3.

Umgjörð samkeppnismála

Starfsemi Knattspyrnusambands Íslands skal ávallt vera samþýðanleg samkeppnislögum og stuðla að viðskiptalegu sjálfstæði aðildarfélaga sambandsins þannig að samkeppni á viðeigandi mörkuðum verði ekki raskað.

Stjórn og starfsfólk Knattspyrnusambands Íslands skal taka sérstakt mið af ákvæðum og markmiðum samkeppnislaga og stuðla að því að samstarf aðildarfélaga sambandsins verði ávallt samþýðanlegt samkeppnislögum.

Knattspyrnusamband Íslands skal í stefnumótun sinni vekja sérstaka athygli á mikilvægi virkrar samkeppni og skal sambandið stuðla að fræðslu um samkeppnismál til aðildarfélaga sinna.

Í því skyni að tryggja eftirfylgni við 1.-3. mgr. mun Knattspyrnusambandið innleiða samkeppnisréttaráætlun þar sem fjallað verði um hvernig starfsemi sambandsins og aðildarfélaga lýtur samkeppnislögum og kveðið á um verklag innan sambandsins sem miðar að



Því að tryggja eftirfylgni við sátt þessa og samkeppnislög. Í áætluninni skal sérstaklega fjallað um fræðslu um samkeppnisreglur og sátt þessa. Áætlunin skal endurskoðuð reglulega.

4.

Kynning o.fl.

Knattspyrnusamband Íslands skal kynna fyrirmæli í skilyrðum sáttar þessarar fyrir stjórnarmönnum, starfsmönnum og aðildarfélögum Knattspyrnusambands Íslands með skýrum og tryggilegum hætti. Kynning af þessum toga skal gerð í formi yfirlýsingar sem send verður til aðildarfélaga sambandsins og birt á heimasíðu sambandsins.

Starfsmenn og stjórnarmenn Knattspyrnusambands Íslands skulu undirrita sérstaka yfirlýsingu. Í henni skulu þeir staðfesta eftirfarandi:

- a. Að þeir hafi kynnt sér efni sáttar þessarar og skuldbindi sig til að fara eftir henni.
- b. Að þeir geri sér grein fyrir því að brot á sáttinni varðar Knattspyrnusamband Íslands viðurlögum.
- c. Að sú háttsemi sem sáttin leggur bann við getur, eftir atvikum, varðar viðurlögum, sbr. 10. og 37. gr. og 41. gr. samkeppnislaga.

Knattspyrnusamband Íslands skal fyrir 1. mars 2018 kynna fyrir Samkeppniseftirlitinu hvernig farið hafi verið eftir skilyrðum sáttarinnar.

5.

Málalyktir o.fl.

Sátt þessi felur í sér fullnægjandi málalyktir vegna þeirrar háttsemi sem tilgreind er í 1. gr., gagnvart Knattspyrnusambandi Íslands, aðildarfélögum og viðkomandi starfsmönnum.

Brot á sátt þessari varðar viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Reykjavík, 15. desember 2017

f.h. Samkeppniseftirlitsins

Páll Gunnar Pálsson

f.h. Knattspyrnusambands Íslands

Guðni Bergsson

Klara Bjartmarz